

Miðvikudaginn 16. september 1992.

Nr. 297/1992. **Ákærvaldið**

gegn

Jens Gíslasyni.

Kærumál. Ákæru vísað frá héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Gunnar M. Guðmundsson og Haraldur Henrysson.

Ríkissaksóknari skaut máli þessu til Hæstaréttar með kæru 3. júlí 1992 samkvæmt heimild í a-lið 2. mgr. 142. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991, sbr. áður 3. tl. 171. gr. laga nr. 74/1974. Er þess krafist af ákærvaldsins hálfu, að hinn kærði frávísunardómur verði felldur úr gildi og héraðsdómi Reykjaness dæmt skylt að halda rannsókn málsins áfram og kveða síðan upp efnisdóm í málinu samkvæmt ákæruskjali 19. ágúst 1991.

Af hálfu ákærða er þess krafist, að hinn kærði frávísunardómur verði staðfestur og verjanda ákærða dæmd málsvarnarlaun í Hæstarétti.

Svo sem rakið er í hinum kærða dómi, er ákærða gefið að sök að hafa árin 1987 - 1989 og fram í maí 1990 dregið sér samtals 7.592.992,70 krónur af fjármunum Bóksölu stúdenta, og er sú fjárhæð sundurliðuð þannig í ákærunni, að tilgreind er heildarfjárhæð ætlaðs fjárdráttar á hverju ári fyrir sig. Af rannsóknargögnum málsins, sem fylgdu ákærunni, verður ráðið, að rannsókn Rannsóknarlögreglu ríkisins beindist að ætluðum fjárdrætti ákærða, sem nam talsvert hærri fjárhæð en ákært var fyrir. Var nauðsynlegt, að ákæran bæri greinilega með sér, til hvaða tilvika hún tæki. Verksýningu ákærunnar að öðru leyti er og verulega ábótavant. Samkvæmt þessu fullnægði ákæran ekki ákvæðum 2. mgr. 115. gr. þágildandi laga um meðferð opinberra mála nr. 74/1974.

Á það má auk þess fallast með héraðsdómara, að á það skorti við frumrannsókn málsins, að aflað væri skýrslna og gagna frá kærandanum, Félagsstofnun stúdenta, og forsvarsmönnum hans, meðal annars um bókhald og fjárvörslu hjá Bóksölu stúdenta.

Að því samanlögðu, sem hér hefur verið rakið, þykir málalítilbún-

aði ákærvaldsins í máli þessu svo áfátt, að staðfesta beri hinn kærða frávisunardóm.

Rétt þykir að dæma ríkissjóð til að greiða skipuðum verjanda ákærða kærumálskostnað, 30.000 krónur.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði frávisunardómur er staðfestur.

Ríkissjóður greiði skipuðum verjanda ákærða, Arnmundi Backman hæstaréttarlögmanni, 30.000 krónur í kærumálskostnað.

Dómur sakadóms Kópavogs 10. júní 1991.

Ár 1992, þriðjudaginn 30. júní, er á dómþingi sakadóms Kópavogs, sem háð er að Auðbrekku 10 af Ólöfu Pétursdóttur héraðsdómara, kveðinn upp dómur í málinu nr. 51/1991: Ákærvaldið gegn Jens Gíslasyni, en það var dómtekið í dag.

Málið er höfðað með ákæruskjali ríkissaksóknara, dagsettu 19. ágúst 1991, á hendur „Jens Gíslasyni, Víðigrund 45, Kópavogi, fæddum 17. júlí 1949, fæðingarnúmer 413, fyrir fjárdrátt með því að hafa árin 1987-1989 og fram í maí 1990, þá starfsmaður Bóksölu stúdenta og verslunarstjóri þar frá því í september 1989, en bóksalan er hluti af Félagsstofnun stúdenta, Stúdentaheimilinu við Hringbraut í Reykjavík, dregið sér samtals 7.592.992,70 kr. af fjármunum bóksölnnar, og sundurliðast fjárhæðin þannig eftir árum:

Árið 1987	kr. 189.434,00
— 1988	— 1.097.074,70
— 1989	— 1.327.952,00
— 1990	— 4.978.531,40
	Kr. 7.592.992,70(?)

Telst þetta varða við 1. mgr. 247. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

Þess er krafist, að ákærði verði dæmdur til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar“.

Niðurstöður.

— — —
Aðdragandi máls þessa er sá, að stjórnarformaður Félagsstofnunar stúdenta kærði ákærða til Rannsóknarlögreglu ríkisins 12. júní 1990 fyrir

fjárdrátt. Kom fram í skýrslu hans hjá RLR, að vaknað hefðu grunsemdir hjá stjórnendum Bóksölu stúdenta, sem sé hluti af Félagsstofnun stúdenta, að ekki væri allt með felldu um fjárreiður ákærða, fyrrum bóksölustjóra bóksölunnar. Hinn 6. júní 1990 hafi ákærði viðurkennt að hafa dregið sér allt að 1.838.607 krónum úr sjóðum bóksölunnar, en kvað fjárhæðina þó geta verið eitthvað hærri. Tveimur dögum síðar hafi ákærði viðurkennt að hafa dregið sér samtals 3.897.466 kr. úr sjóðum bóksölunnar. Hinn 10. júní s. á. á ákærði að hafa tjáð fjármálastjóra Félagsstofnunar stúdenta, að eftir sinni bestu vitund væri sú fjárhæð, sem að ofan greinir, sú fjárhæð, sem hann vissi til að hafa dregið sér, en útilokaði þó ekki þann möguleika, að um hærri fjárhæð væri að ræða, e. t. v. um 500.000 kr. Taldi stjórnarformaður Félagsstofnunar stúdenta því hugsanlegt, að heildarfjárhæð sú, sem ákærði hefði dregið sér úr sjóðum Bóksölu stúdenta, gæti verið u. þ. b. 4.500.000 kr. Af hálfu Félagsstofnunar stúdenta væri í gangi athugun í því skyni að finna, hversu há þessi viðbótarfjárhæð gæti verið. Degi síðar, 11. júní 1990, berst Félagsstofnun stúdenta greiðsla, að fjárhæð 3.050.000 kr., frá ákærða, sem ætluð sé til endurgreiðslu hluta þess fjár, sem hann hafi viðurkennt að hafa dregið sér. Lét ákærði þess getið í bréfi til stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, að hann myndi standa skil á eftirstöðvum innan skamms.

Ekki lét ákærði þess getið í nefndu bréfi til stjórnar Félagsstofnunar stúdenta, hver fjárhæð eftirstöðva væri. Ekki kom heldur fram í skýrslu stjórnarformanns Félagsstofnunar stúdenta hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins, hversu háa fjárhæð talið væri, að ákærði hefði dregið sér að áliti stjórnar Félagsstofnunar stúdenta.

Í skjölum málsins er að finna skjal, sem nefnt er „Samkomulag um greiðslu til Ólafs Garðarssonar hdl.“. Er það dagsett 6. júní 1991 og undirritað af ákærða og Ólafi Garðarssyni. Viðurkennir Ólafur Garðarsson að hafa veitt viðtöku vegna skulda Jens Gíslasonar samtals 11.820.356 kr. Eftirstöðvar, sem nemi u. þ. b. 1.100.000 kr., greiðist innan þriggja mánaða. Ekki verður af þessu skjali ráðið, hverjum ákærði skuldi fé. Af bréfi til RLR, dags. 7. ágúst 1991, má hins vegar ráða, að hér sé um skuld ákærða við Félagsstofnun stúdenta að ræða. Samkomulag er gert milli Félagsstofnunar stúdenta og ákærða, dagsett 23. september 1991, þar sem fram kemur, að samkomulag um fullnaðaruppgjör á skuldinni, 12.000.000 kr., hafi tekist, og hafi sú fjárhæð verið greidd að fullu með tilliti til höfuðstóls og áfallinna dráttarvaxta. Málið sé því að fullu uppgert milli aðila. Jafnframt kom fram, að samkvæmt fyrstu samantekt virtist höfuðstóll kröfu Félagsstofnunar stúdenta á hendur ákærða vegna áranna 1987 til og með 1990 losa 6 milljónir.

Hvorki verður ráðið af ofangreindu samkomulagi né öðrum gögnum,

hvernig fjárhæðin 6 milljónir er fundin. Þá er ekki heldur að finna í skjölum málsins neina skilgreiningu á því, hvernig sú fjárhæð, 12.000.000 kr., sem ákærði greiddi Félagsstofnun stúdenta, er reiknuð. Við flutning málsins gat verjandi ekki gert grein fyrir því. Þá er þess að geta, að ekki er samræmi milli þeirrar fjárhæðar, sem ákært er fyrir annars vegar, og hins vegar þeirrar, sem greinir í ofangreindu samkomulagi.

Við frumrannsókn málsins hjá Rannsóknarlögreglu ríkisins eru hvorki teknar skýrslur af stjórnarmönnum Félagsstofnunar stúdenta né fjármála-stjóra. Við athugun á gögnum málsins kemur í ljós, að þegar ákærði játar fjárdrátt, þá liggja oftast nær fyrir gögn, er styðja játninguna. Í öðrum tilvikum ræðst ákæran einvörðungu af einhliða framburði ákærða. Virðist oft tilviljun ráða því, hvort hann telji líklegt, að um fjárdrátt hafi verið að ræða eða ekki. Sjaldnast eru gögn í málinu, sem styðja annaðhvort framburð ákærða eða ákæruna í þessum vafatilvikum. Telur dómurinn, að nauðsynlegt hefði verið að yfirheyra forsvarsmenn Félagsstofnunar stúdenta og leggja fram bókhaldsgögn Bóksölu stúdenta svo og önnur gögn til þess að staðreyna, eftir því sem kostur væri, hinn raunverulega fjárdrátt ákærða. Hafa verður það í huga, að gera verður þá kröfu til ákærunnar, að hún sé sem sönnust spegilmynd þess sakarefnis, sem rannsókn málsins hefur gefið tilefni til.

Þá er ákæra máls þessa ekki talin svo skilrík sem fyrir er mælt í 115. gr. laga nr. 74/1974 um meðferð opinberra mála. Í ákæru er ákærða gefinn að sök fjárdráttur með því að hafa árin 1987-1989 og fram í maí 1990 dregið sér samtals 7.592.992,70 kr. af fjármunum bóksöluunnar. Heildarfjárhæðin er sundurliðuð í samtalsfjárhæðir eftir árum. Hvorki eru einstök tilvik, sem ákært er fyrir, tilgreind í ákæruskjali né vísað til þeirra skjala frá Rannsóknarlögreglu ríkisins, sem veita yfirsýn yfir ákæruna í einstökum liðum.

Ákæran í máli þessu er reist á rannsókn, sem eigi þykir fullnægja skilyrðum laga til málshöfðunar og sjálf ákæran eigi fullnægja lagaskilyrðum. Ber því að vísa ákærunni frá dómi.

Ekki leiddi annan sakarkostnað af máli þessu en málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, 70.000 kr., sem greiðist úr ríkissjóði.

Dómsuppsaga hefur dregist vegna mikilla embættisanna dómarsins, m. a. við undirbúning aðskilnaðar dómsvalds og framkvæmdavalds 1. júlí nk.

Ólöf Pétursdóttir héraðsdómari kvað upp dóm þennan.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá sakadómi.

Málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Arnmundar Backman hrl., 70.000 kr., greiðist úr ríkissjóði.